



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2020

MÆLM1MG02

Mælingar málma

Kennari: Magnús Tryggvason	Sk.st.	MT
-----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing: Nemendur skulu læra að meðhöndla og beita mælitækjum sem helst eru notuð í málmiðnaði, s.s. málbandi, tommustokk, rennimáli og míkrómetra. Þeir læra að nýta búnað til óbeinna mælinga s.s. spermál, þykktarmát (fölera) og kastmæli. Nemendur læra um nákvæmni mælitækja og notkunarsvið þeirra og gera sér grein fyrir áhrifum hitastigs á mælingar.

Þekkingarviðmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að þekkja:
Mismunandi gerðir mælitækja, nákvæmni þeirra og hvernig lesið er af þeim.
Áhrif hitastigs á mælingar, þenslustuðla algengra málma.
Hvaða mælitækjum ber að beita hverju sinni

Leikni/hæfniviðmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að geta:
Mælt með málbandi, tommustokk, rennimáli, míkrómetra, spermáli og þykktarmáti (föler)
Notað kastmæli við uppréttingu
Reiknað út þenslu og samdrátt hlutar við mismunandi hitastig
Rétt af míkrómetra. Notað skrifuteljara, bugmát og gráðuboga

Námsefni: Málmsmíði, Lesbók. Málmsmíði vinnubók.

Verkefnaskil og námsmat: Vinnubók 60%, fagbókleg verkefni 10%, umgengni 10%, ástundun 20%.